

Hafnarfjörður, 2. september 2026
ONE mál nr. 2011571

Til bæjarráðs

Samþykkt um gatnagerðargjald – Greinargerð vegna endurskoðun á gjaldi fyrir bílakjallara

Samkvæmt gildandi Samþykkt um gatnagerðar- og byggingarréttargjald í Hafnarfirði er greitt 25% af gatnagerðargjaldi vegna sameiginlegra bifreiðageymslna fyrir þrjár eða fleiri bifreiðar sem byggðar eru samkvæmt skipulagsskilmálum og koma í stað bifreiðastæða. Byggingarréttargjald vegna bílakjallara er hins vegar ekki innheimt.

Með þessari breytingu er lagt til að gatnagerðargjald vegna bílakjallara og sameiginlegra bifreiðageymslna verði einnig felld niður að fullu. Eftir breytinguna verður því hvorki innheimt gatnagerðargjald né byggingarréttargjald vegna þeirra mannvirkja sem falla undir ákvæðið.

Markmið breytingarinnar er að draga úr kostnaði við uppbyggingu bílakjallara og stuðla að því að bílastæðum verði í auknum mæli komið fyrir neðanjarðar. Með því skapast aukið svigrúm fyrir byggð, græn svæði og önnur sameiginleg útirými auk þess sem nýting lóða verður hagkvæmari.

Lagt fyrir í bæjarráði 3. september 2026.